

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/63/EB

frá 17. ágúst 2001

**um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum <sup>(1)</sup>, einkum 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gildissvið reglugerðar efnahagsnefndar Evrópu (ECE) nr. 96 um losun frá þjöppunarkveikjuhreyflum, sem ætlaðir eru til ísetningar í dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, hefur verið víkkað út svo að hún nái einnig til annarra tegunda færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega.
- 2) Evrópubandalagið er samningsaðili að því er tekur til þeirrar reglugerðar.
- 3) Nauðsynlegt er að samræma tækniröfurnar í þeirri reglugerð samsvarandi kröfum í tilskipun 97/68/EB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 92/53/EBE <sup>(2)</sup>.
- 5) Breyta ber tilskipun 97/68/EB með tilliti til þessa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. og IV. viðauka við tilskipun 97/68/EB er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Með þessari tilskipun er ekkert samþykki, sem var veitt samkvæmt tilskipun 97/68/EB fyrir þann dag sem um getur í 3. gr., fellt úr gildi né komið í veg fyrir að slík samþykki séu rýmkað samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þau voru upphaflega veitt í samræmi við.

*3. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 30. júní 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. ágúst 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 225, 10.8.1992, bls. 1.

## VIÐAUKI

## Breytingar á III. og IV. viðauka við tilskipun 97/68/EB

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:

1) eftirfarandi komi í stað formúlunnar í lið 2.2.2:

$$0,96 \leq f_a \leq 1,06$$

2) í þriðja undirlið liðar 1.2.1 í 2. viðbæti komi „CO<sub>2</sub>“ í stað „CO“;

3) í stað liðar 1.9.2.2 í 2. viðbæti komi eftirfarandi:

„1.9.2.2. Vatnsdeyfingarprófun

Þessi prófun gildir einungis um mælingar á styrk rakra lofttegunda. Við útreikninga á deyfingu vegna vatns verður að taka tillit til þynningar NO-kvörðunarlofttegundarinnar með vatnsgufu og breyta verður styrk vatnsgufu í blöndunni til samræmis við þann styrk sem búist er við að verði meðan á prófuninni stendur. NO-kvörðunarlofttegund með styrk frá 80 til 100% af fullu kvarðaútslagi við eðlilegt mælisvið skal setja í gegnum hitaðan efnaljómunarnema og NO-gildið skráð sem D. NO-lofttegundin skal látin bóla í gegnum vatn við stofuhita og fara í gegnum hitaða efnaljómunarnemann og NO-gildið skráð sem C. Hitastig vatnsins skal ákvarðað og skráð sem F. Mettunareimprýstingur blöndunnar, sem samsvarar hitastigi (F) ílátsins sem vatnið er látið bóla í, skal ákvarðaður og skráður sem G. Vatnsgufustyrk blöndunnar (í %) skal reikna sem hér segir:

$$H = 100 \times \left( \frac{G}{P_B} \right)$$

og skrá sem H. Væntanlegur styrkur þynntu NO-kvörðunarlofttegundarinnar (í vatnsgufu) skal reiknaður sem hér segir:

$$De = D \times \left( 1 - \frac{H}{100} \right)$$

og skráður sem De. Að því gefnu að hlutfallið milli H- og C-frumeinda í eldsneytinu sé 1,8:1 skal áætla hámarksstyrk vatnsgufu í útblæstri (í %), sem vænta má í prófuninni þegar um er að ræða dísilútblastur, út frá hámarksstyrk CO<sub>2</sub> í útblástursloftinu eða út frá styrk óþynntrar CO<sub>2</sub>-kvörðunarlofttegundar (A, eins og mælist í lið 1.9.2.1) sem hér segir:

$$Hm = 0,9 \times A$$

og skrá sem Hm.

Vatnsdeyfingin skal reiknuð út sem hér segir:

$$\% \text{ H}_2\text{O-deyfing} = 100 \times \left( \frac{De - C}{De} \right) \times \left( \frac{Hm}{H} \right)$$

og má ekki vera meira en 3% af fullu kvarðaútslagi.

De: væntanlegur styrkur þynntu NO (í milljónarhlutum)

C: styrkur þynntu NO (í milljónarhlutum)

Hm: hámarksstyrkur vatnsgufu (í %)

H: raunstyrkur vatnsgufu (í %)

Ath.: Mikilvægt er að NO<sub>2</sub>-styrk í NO-kvörðunarlofttegundinni sé haldið í lágmarki í þessari athugun þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir uppsogi NO<sub>2</sub> í vatn við deyfingarútreikninga.“;

4) í lið 1.4.4 í 3. viðbæti skal fella brott seinni formúluna fyrir bakgrunnsleiðréttingu á massastreymi agna með einnarsíuáðferðinni og breyta fyrri formúlunni sem hér segir:

$$PT_{mass} = \left[ \frac{M_f}{M_{SAM}} - \left( \frac{M_d}{M_{DIL}} \times \left( \sum_{i=1}^{i=n} \left( 1 - \frac{1}{DF_i} \right) \times WF_i \right) \right) \right] \times \frac{G_{EDFW}}{1000}$$

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka:

1) í öðrum dálki töflunnar í 17. línu (Hlutleysistala [α: Sýrutala] (sterk sýra)) komi eftirfarandi:

„Hámark 0,20 mg KOH/g“

2) annar málsliður í 9. athugasemd verði svohljóðandi:

**„Að því er varðar upphafsviðurkenningu hreyfils, án eftirmeðferðar fyrir útblástursloft, má leyfa að nafngildi brennisteinsinnihalds sé 0,05 % af massa (lágmark 0,03 % af massa) en í slíkum tilvikum skal mældur styrkur agna leiðréttur upp að því meðalgildi sem er gefið upp sem nafngildi brennisteinsinnihalds í eldsneyti (0,15% af massa) samkvæmt eftirfarandi jöfnu:“**

---